

Umhverfisvottun Snæfellsness

Ársskýrsla 2021

Guðrún M. Magnúsdóttir



HELGAFELLSVEIT



GRINDARFJARÐARVEIT



SNÆFELLSVEIT



STYKKISHÓLMSVEIT



EYA- OG
MÍLANOKULTÚRHETTUR



EARTHCHECK



Efnisyfirlit

Umhverfisevntun Snæfellsness.....	3
Byggðasamlag Snæfellinga	3
Dagleg starfsemi	3
Fjármögnun.....	4
Árangur sveitarfélaganna á árinu.....	4
Helstu verkefni umhverfisevntunarinnar	6
Árvið verkefni.....	6
Afmörkuð/tímabundin verkefni.....	7
Úttekt og evntun	8
Umhverfisevíðar	8
Orkunotkun.....	9
Losun gróðurhúsalofttegunda	10
Neysluvatn	12
Úrgangsmál	13
Innkaup	14
Samfélagsmál.....	15
Aðrir skylduvíðar	16
Aðsendar greinar í vikublöð	18
Fyrirlestrar.....	18

Mynd á forsíðu: *Göngustígur eftir Grensá í Stykkishólmi. Horft í norðaustur að Móvík. Klofningur í baksýn (ljósm. Guðrún M. Magnúsdóttir)*

Umhverfisevntun Snæfellsness

Árið 2008 hlutu sveitarfélögin fimm á Snæfellsnesi, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Snæfellsbær og Stykkishólmsbær og Helgafellssveit, ásamt Þjóðgarðinum Snæfellsjökli, umhverfisevntun EarthCheck samtakanna sem umhverfisevntað samfélag sem ynni markvisst að úrbótum í umhverfismálum í átt til sjálfbærari starfshátta. Höfðu sveitarfélögin unnið umfangsmikla undirbúningsvinnu til fimm ára áður en evntun hlaut. Áfanginn vakti athygli innan lands sem utan þar sem sveitarfélögin á Snæfellsnesi voru þau fyrstu í Evrópu til þess að hljóta slíka evntun og fjórða samfélagið í heiminum öllum. Vottunarsamtökin krefjast sífelldra úrbóta á sviði umhverfismála á milli ára og á svæðið mætir óháður úttektaaðili sem tekur svæðið út árlega. Á heimasíðu vottunarverkefnisins (www.nesvottun.is) er hægt að finna upplýsingar um vottunarsamtökin, sjálfbærnistefnu sveitarfélaganna og upplýsingar um umhverfisevntun sveitarfélaganna almennt.

Hér verður gerð grein fyrir umhverfisevntunarverkefninu á Snæfellsnesi árið 2021 og niðurstöðum tölulegra gagna fyrir árið 2020.

Byggðasamlag Snæfellinga

Umhverfisevntunarverkefninu á Snæfellsnesi er stýrt af Byggðasamlagi Snæfellinga, samráðsvettvangi sveitarfélaganna á Snæfellsnesi sem aðild eiga að vottuninni. Framan af, eða frá árinu 2004, var verkefninu stjórnað af Framkvæmdaráði Snæfellsness, sem skipað var áhugasömum fulltrúum frá hverju sveitarfélagi. Ástæða þótti til að tengja ráðið nánar við ákvörðunarvald sveitarstjórna og var fyrirkomulaginu því breytt árið 2009 þegar sveitarstjórar voru skipaðir í framkvæmdaráðið. Árið 2017 breyttist það svo í stjórn Byggðasamlags Snæfellinga, sem tók um leið yfir verkefni Héraðsnefndar Snæfellinga. Byggðasamlaginu er m.a. ætlað að fylgja eftir þeirri stefnu sem mörkuð hefur verið af sveitarfélögum í tengslum við umhverfisevntun Snæfellsness.

Fulltrúar Byggðasamlags Snæfellinga árið 2021 voru:

Jakob, Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri Stykkishólmsbæjar, formaður

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar

Björg Jakobsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar

Guðrún Reynisdóttir, oddviti Helgafellssveitar

Eggert Kjartansson, oddviti Eyja- og Miklaholtshrepps

Dagleg starfsemi

Byggðasamlagið hefur gert þjónustusamning við Náttúrustofu Vesturlands um að sinna daglegum rekstri verkefnisins. Á Náttúrustofunni starfar faglærður starfsmaður í stöðu verkefnastjóra umhverfisevntunar Snæfellsness, sem sinnir daglegum störfum vegna umhverfisevntunarinnar ásamt því að leiða framkvæmd verkefnisins. Hann undirbýr og situr alla fundi Byggðasamlagsins. Guðrún Magnea

Magnúsdóttir hefur gengt stöðu verkefnastjóra frá 1. september 2017. Starfshlutfall verkefnastjóra er 80%.

Dagleg starfsemi verkefnisins felst ekki einungis í störfum verkefnastjóra og annarra starfsmanna Náttúrustofunnar. Allir starfsmenn og stofnanir sveitarfélaganna eiga að fylgja stefnu verkefnisins varðandi ákvarðanir sem tengjast daglegum rekstri. Þannig bera t.d. ákveðnir starfsmenn stofnana sveitarfélaga ábyrgð á tölulegum skráningum til útreikninga sjálfbærnivísa, sem verkefnastjóri safnar svo saman. Stykkishólmsbær sér um greiðslur og bókhald verkefnisins.

Fjármögnun

Kostnaður við umhverfisvottun Snæfellsness árið 2021 var um 9 milljónir. Stærstur hluti þess kostnaðar voru laun verkefnastjóra en annar kostnaður var meðal annars skráningargjöld hjá vottunarsamtökum EarthCheck og kostnaður vegna úttekta, aksturs, utanaðkomandi ráðgjafar, auk bókhaldsþjónustu. Verkefnastjóri fór í fæðingarorlof í september og í samræmi við ákvörðun byggðasamlagsins var enginn ráðinn í hennar stað á meðan. Rekstrarfé verkefnisins kom frá þeim fimm sveitarfélögum sem að verkefninu standa og skiptist kostnaður á milli sveitarfélaga eftir íbúafjölda hvers sveitarfélags.

Árangur sveitarfélaganna á árinu

Vottunarsamtökin EarthCheck meta fyrst og fremst árangur af starfsemi sveitarfélaganna, sérstaklega verkefni sem miðar að aukinni náttúruvernd og eflir samfélag og auðlindanotkun og dregur úr losun sorps og gróðurhúsalofttegunda ásvæðinu. Að mati EarthCheck náðu sveitarfélögin nokkrum árangri í þágu umhverfis og samfélags árið 2021.

Bætt aðgengi ferðamanna og styrkir úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða

Síðastliðin ár hafa sveitarfélögin unnið að því, í samstarfi við aðra hagsmunaaðila, að bæta aðgengi íbúa og ferðamanna á vinsælum viðkomustöðum Snæfellsness. Að viðhalda verðmætum stöðum til verndar náttúru og til þess að gestir fái að njóta þeirra, skipta verkefni sem þessi miklu máli. Víða á Snæfellsnesi eru áform um að halda áfram að gera áningastaði og bæta aðstöðu á þeim sem fyrir eru og bæta samgöngur. Þetta er gert í því skyni að tryggja öryggi ferðamanna, byggja upp innviði og vernda náttúru á nokkrum af fjölsóttustu ferðamannastöðum á Snæfellsnesi. Tvö sveitarfélög hlutu styrki til framkvæmda í þágu umhverfisverndar og bætts aðgengis frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða á árinu, sem eru í samræmi við áfangastaðaáætlun Vesturlands. Snæfellsbær hlaut tvo styrki. Annars vegar styrk að fjárhæð 42 milljónir króna til að útbúa gönguleið, göngubrú og útsýnispall við Svöðufoss upp á tæpar 42 milljónir króna og hins vegar styrk að fjárhæð 19 milljónir króna fyrir bættu aðkomu og umhverfi við styttuna af Bárði Snæfellsás á Arnarstapa. Stykkishólmsbær hlaut styrk upp á tæpar 25 milljónir króna fyrir heildarskipulag áningarstaðar og útsýnissvæðis á Súgandisey. Samhliða skipulagsáætluninni verður unnið að útsýnissvæði í samræmi við vinningstillögu úr samkeppni og veitt framkvæmdaleyfi á útsýnisskúlpúrinn „Fjöreggið“.

Grundarfjarðarbær stóð fyrir umfangsmiklum gatna- og stígaframkvæmdum á árinu. Endurbætur voru gerðar á gönguleiðum, stígar breikkaðir og tengdir og bætt við blágrænum svæðum í leiðinni. Markmið framkvæmdarinnar er að auka öryggi íbúa og vegfarenda, gera hlýlegra bæjarumhverfi og greiða fyrir regnvatni og létta því álagið af holræsakerfi bæjarins.

Árleg umhverfishreinsun Eyja- og Miklaholtshrepps og Snæfellsbæjar

Íbúar í Eyja- og Miklaholtshreppi og í sveitum Snæfellsbæjar tóku þátt í árlegri umhverfishreinsun í byrjun sumars. Gámum var komið fyrir á ákveðnum stöðum þar sem íbúar gátu komið frá sér hlutum til förgunar, sérstaklega brotajárni, úrgangstimbri og spilliefnum.

Orkusparnaður

Síðastliðin ár hefur Snæfellsbær unnið að því að skipta út búnaði til kyndingar í nokkrum af stofnunum sínum. Fimm stofnanir Snæfellsbæjar sem kynda með varmadælum hafa náð að draga úr orkunotkun frá 19-75% á ári, allt eftir umfangi starfsemi hverrar stofnunar og tegundum varmadælna. Auk þess að minnka orkuneyslu á eigin vegum hefur sveitarfélagið lagt áherslu á að hvetja íbúa á svæðinu til að endurskoða einnig sína orkunotkun. Auk Snæfellsbæjar vinna Grundarfjarðarbær og Stykkishólmsbær einnig að leiðum til orkusparnaðar, m.a. með því að bæta einangrun í stofnunum sínum og skipta út tækjabúnaði til kyndingar og lýsingar. Rafhleðslustöðvum fyrir bifreiðar hefur líka fjölgað á Snæfellsnesi, nokkrar til hraðhleðslu sem kemur sér vel fyrir ferðamenn á rafbílum. Grundarfjarðarbær og Veitur hófu samstarf á árinu til að skoða hvort að bærinn gæti hitaveituvætt svæðið með nýtingu fjarvarmaveitu. Leiðin er nýjung á Íslandi, en er þekkt í hringrásarkerfum erlendis.

Umhverfisgöngur

Skipulagðar umhverfisgöngur fóru vel fram í sveitarfélögunum þar sem bæjarstjórar, skipulags- og umhverfisnefndir og íbúar röltu um hverfi bæjanna og farið var yfir það sem betur mætti fara í umhverfismálum. Göngurnar voru allar mög vel heppnaðar og margt hefur farið í ferli í kjölfar þeirra.

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið skrifaði undir samning við Svæðisgarðinn Snæfellsnes um að kanna ávinning þess að Snæfellsnes yrði þátttakandi í verkefni UNESCO „Man and Biosphere“ (MaB), eða maður og lífhvolf. MaB hefur að markmiði að þróa og styrkja hvorutveggja í senn, lífsskilyrði fólks á afmörkuðu svæði og náttúrulegt umhverfi þess. Lögð er áhersla á nýsköpun; að fara nýstárlegar leiðir til að bæta efnahag fólks á svæðinu, í sátt við samfélag og umhverfi, byggt á traustum vísindalegum grunni.

Svæðisgarðurinn hlaut styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða upp á rúmar 11 milljónir til að samræma skipulag og hönnun á sameiginlegu neti útivistarleiða um Snæfellsnes og festa slíka leið í sessi í skipulagi.

Helstu verkefni umhverfsvottunarinnar

Tvíþætt starfsemi fellur undir vottunarverkefnið. Annars vegar er um að ræða verkefni sem nauðsynlegt er að framkvæma árlega til þess að viðhalda vottun. Hins vegar er um að ræða ýmis tilfallandi verkefni sem styðja við vottunina og ýta undir hvers kyns úrbætur í umhverfismálum á Snæfellsnesi. Frá september 2021 var lágmarks starfsemi þar sem verkefnastjóri var í fæðingarorlofi. Helstu verkefnin á vegum umhverfsvottunar Snæfellsness árið 2021 voru eftirfarandi:

Árvisss verkefni

Gagnasöfnun og vöktun

Eitt af árlegum verkefnum í tengslum við umhverfsvottun sveitarfélaganna á Snæfellsnesi er gagnasöfnun vegna frammistöðumats svæðisins. Meðal þeirra gagna sem þarf að afla er mæling á svonefndum umhverfivísnum eða sjálfbærnivísnum, þá einkum auðlindanotkun, neyslu og sorplosun. Þessum gögnum er skilað inn til vottunarsamtakanna sem meta hvort svæðið hefur staðist viðmið. Að auki er stefnumótun, áætlanagerð og aðferðafræði við útreikninga á gögnum metin, meðal annarra þátta. Niðurstöður vottunarsamtakanna um frammistöðu sveitarfélaganna samkvæmt umhverfivísnum er að finna hér aftast í skýrslunni.

Framkvæmdaáætlun sveitarfélaganna

Vottunarsamtökin gera kröfur um að sveitarfélögin samþykki framkvæmdaáætlun til fimm ára í senn. Áætlunina skal endurskoða árlega og í lok hvers árs skal Byggyðasamlag meta hvernig sveitarfélögin hafa staðið sig í að fylgja áætluninni eftir.

Ýmis samskipti

Eins og undanfarin ár sá verkefnastjóri um samskipti við EarthCheck vottunarsamtökin hvað varðar ýmis hagnýt málefni, greiðslur, undirbúning úttektar og fleira tilfallandi. Reglulega er verkefnastjóri í samskiptum við erlenda aðila sem eru með umhverfsvottun eða stefna á slíka vottun. Reglulega fara fram viðtöl við innlenda og erlenda miðla um frammistöðu sveitarfélaganna og hvernig samstarfi er háttað á svæðinu. Erlendir hópar, stórir og smáir, með háskólanemum eða starfsfólki opinberra stofnana erlendis koma af og til og fá fræðslu hjá Náttúrustofu Vesturlands, verkefnastjóra eða öðrum samstarfsaðilum vegna umhverfsvottunarinnar.

Undirbúningur úttektar og móttaka úttektaraðila

Til þess að viðhalda vottun er krafist stöðugra úrbóta í umhverfis- og samfélagsmálum og árlega er svæðið tekið út af óháðum aðila vegna endurnýjunar á vottun. Koma úttektaraðila á svæðið felur í sér nokkurn undirbúning hjá verkefnastjóra. Undirbúningur úttektar fór fram um vorið og úttekt framkvæmd 9. og 10. ágúst.

Fræðsla og kynning

Verkefnastjóri heldur úti heimasíðunni **www.nesvottun.is** þar sem finna má helstu upplýsingar um verkefnið og aðstandendur þess, auk fréttu og ljósmynda. Auk heimasíðunnar sér verkefnastjóri um **síður**

verkefnisins á samfélagsmiðlum. Þar eru settar inn fréttir af verkefninu og ýmiss konar fróðleikur um umhverfismál.

Verkefnastjóri veitir fræðslu fyrir ýmsa hópa sem koma í þeim tilgangi að fræðast um sjálfbærnimarkmið sveitastjórna eða þeim sem sækjast eftir fræðslu um verkefnið. Lítið var um fræðslu fyrir íbúa í persónu vegna samkomutakmarkana, en reynt var að bæta það upp með fræðslu á samfélagsmiðlum.

Úrbætur athugasemda

Árið 2021 var unnið að úrbótum athugasemda frá síðustu úttekt. Auk frammistöðuskýrslu fær Snæfellsnes úttektarskýrslu eftir hverja úttekt. Í báðum skýrslum eru ýmist ráðleggingar um úrbætur eða kröfur um úrbætur. Úttekt var framkvæmd í ágúst og í kjölfarið hófst vinna að úrbótum varðandi þau atriði sem EarthCheck og/eða úttektaraðili gerði athugasemdir við. Úrbæturnar voru ýmist minniháttar eða meiriháttar.

Afmörkuð/tímabundin verkefni

Loftslagsstefna

Samkvæmt lögum 70/2012 um loftslagsmál skulu sveitarfélög ásamt stofnunum ríkisins, fyrirtækjum í meirihlutaeigu ríkisins og stjórnarráði Íslands setja sér loftslagsstefnu. Stefnan þarf meðal annars að innihalda losun gróðurhúsalofttegunda, markmið um samdrátt í þeirri losun og kolefnisjöfnun. Einnig verða að koma fram aðgerðir sem farið verður í til þess að ná þeim markmiðum. Undirbúningsvinna vegna loftslagsstefnu sveitarfélaganna hófst á árinu, m.a. með þátttöku Grundarfjarðarbæjar við uppsetningu gagnagrunns Sambands íslenskra sveitarfélaga og Umhverfisstofnunar. Gagnagrunnurinn var formlega opnaður á árinu og verður aðgengilegur sveitarfélögum við undirbúning loftslagsstefnu. Í hann er hægt að setja allar upplýsingar varðandi auðlindanotkun stofnana sveitarfélaga, t.d. akstur, rafmagnsnotkun og úrgangslosun. Gagnagrunnurinn gefur upp viðmið sem sveitarfélög geta notað til að setja sér haldbær markið til að bæta frammistöðu í umhverfismálum.

Skoðanakönnun

Rafræn skoðanakönnun um umhverfi og samfélag var birt á vefsíðum sveitarfélaganna og umhverfivottunarverkefnisins 1. desember 2020 og stóð hún til 17. desember 2020. Skýrslu með niðurstöðunum er hægt að nálgast í heild sinni **hér**. Þetta var önnur skoðanakönnunin á vegum umhverfivottunarverkefnis Snæfellsness en sú fyrri var send út í árslok 2012. Í könnuninni var farið yfir bakgrunnsupplýsingar þátttakenda, þeir spurðir út í þekkingu og álit á umhverfivottunarverkefninu og beðnir um álit á mikilvægi mismunandi þátta í umhverfis- og samfélagsmálum. Að auki voru möguleikar á opnum svörum þar sem íbúum gafst tækifæri til að tjá sig um ýmis mál. Niðurstöðurnar sýna bæði það sem íbúar eru ánægðir með, sem og það sem þeim finnst að betur mætti fara. Þessar upplýsingar gefa sveitarfélögum þekkingu sem nýta má í ákvarðanatöku þeirra. Umhverfivottunarverkefni Snæfellsness mun líta til þessara gagna til næstu ára, t.d. við verkefnaval í framkvæmdaáætlun, upplýsingagjöf o.fl.

Plokk á Snæfellsnesi

Á degi umhverfisins, 25. apríl, fagnaði fólk víða um allt land með því að fara út og hreyfa sig og febra nærumhverfið. Á Snæfellsnesi var efnt til viðburðarins „Plokk á Snæfellsnesi“ til að hvetja íbúa til að taka þátt og efla umhverfisvitund. Sum sveitarfélög héldu utan um skipulagða viðburði þar sem fólk kom saman til að plokka, og önnur hvöttu til þátttöku með öðrum hætti, t.d. með því að útvega íbúum plokkstangir að láni og poka.

Úttekt og vottun

Til þess að viðhalda vottuninni er krafist stöðugra úrbóta í umhverfis- og samfélagsmálum og árlega er svæðið tekið út af óháðum aðila vegna endurnýjunar á vottun. Undirbúningur fyrir úttekt hófst um vorið 2021 og tölulegum gögnum um auðlindanotkun sveitarfélaganna var skilað til vottunarsamtakanna EarthCheck í júní 2021 sem sendu skýrslu til baka um frammistöðu Snæfellsness og samþykktu sjálfsmat sveitarfélaganna. Úttektin fór fram í ágúst. Úttektaraðili kom frá Verkís, eins og síðustu ár, og var hér á Snæfellsnesi í tvo daga og fór þá einkum yfir gögn sem studdu við því sem skilað var til frammistöðumats. Hér að neðan eru niðurstöður þeirrar úrvinnslu, staða tölulegra gagna með athugasemdum og ráðleggingum. Í kjölfar úttektar voru gerðar nokkrar athugasemdir frá úttektaraðila sem þurfti að bregðast við áður en vottun yrði afhent.


Umhverfisvísar

Á hverju ári er upplýsingum um auðlindanotkun sveitarfélaganna safnað saman. Þetta verkefni er unnið í samvinnu verkefnastjóra, starfsfólks og íbúa sveitarfélaganna og stofnana sem starfa á landsvísu. Unnið er úr upplýsingunum og þær sendar til EarthCheck í Ástralíu, sem vinnur þær enn frekar og reiknar út frammistöðu sveitarfélaganna. Vottunarsamtökin gefa í kjölfarið út frammistöðuskýrslu um niðurstöður hvers árs (Benchmarking assessment report).

Samkvæmt skýrslu EarthCheck fyrir tölur ársins 2020 stóðust sveitarfélögin á Snæfellsnesi viðmið samtakanna. Fjórtán af þeim umhverfisvísam sem metnir eru voru við eða yfir lágmarksviðmiðum og sjö af þeim voru yfir því sem samtökin telja framúrskarandi árangur. Fimm vísar falla fyrir neðan það sem skilgreint er sem lágmarksviðmið; úrgangur sendur til urðunar, fjöldi líkamsárása, flatarmál svæða sem vernduð eru sem hlutfall af heildarflatarmáli svæðisins, aðgerðir til vatnssparnaðar og umhverfsvottuð fyrirtæki í ferðaþjónustu. Sveitarfélögin eru hvött til þess að vinna að úrbótum hvað þessa þætti varðar. Hér á eftir verður fjallað um þá umhverfisvísa sem fylgst er með á Snæfellsnesi, hvernig gögnum er safnað og niðurstöður fyrir árið 2020 skoðaðar. Myndirnar sem sýna niðurstöður útreikninganna eru fengnar úr skýrslum EarthCheck.

Orkunotkun

Orkuvísir EarthCheck skiptist í fimm þætti; raforku sem keypt er úr dreifikerfi rafveitnanna, orku sem fengin er á svæðinu svo sem hitaveita, eldsneytisnotkun ökutækja, olíunotkun til kyndingar mannvirkja og flotaolía frá skemmtiferðaskipum svæðisins (Baldur og Særún). Upplýsingar um orkunotkun eru misaðgengilegar eftir uppsprettum og að sama skapi er misjafnt að hve miklu leyti sveitarstjórnirnar á Snæfellsnesi geta haft áhrif á nýtingu orkunnar. Á myndinni má sjá mikinn mun á orkunotkun á árinu 2018 og árunum á undan. Munurinn er útskýrður með tölverðri minnkun á raforku og hitaveitu sem framleidd og neytt er á svæðinu og breyttri aðferðafræði við útreikninga eldsneytisnotkunar á svæðinu. Árið 2018 var aðferðafræðin endurskoðuð og í ljós kom að svæðið hafði verið að notast við gamlar tölur um meðalneyslu ökutækja. Héðan í frá verður notast við tölur frá Orkusetri um meðalneyslu ökutækja ár hvert.




1. mynd Orkunotkun á mannár á Snæfellsnesi¹. Græna línan sýnir framúrskarandi árangur og sú bláa sýnir lágmarkskröfur EarthCheck. Orkunotkun á Snæfellsnesi árið 2020 var 165 GJ eða 25% undir viðmiðum EarthCheck um framúrskarandi árangur. Á myndinni má sjá að orkunotkun hefur staðið í stað á árunum 2007-2016 en skyndilega minnkaði árið 2017.

¹ Mannár er reiknað út frá íbúum á svæðinu og ferðamönnum. Fjöldi ferðamanna á svæðinu er reiknaður út frá gistinóttum á svæðinu. Mannár á Snæfellsnesi árið 2019 voru 4.342.


Losun gróðurhúsalofttegunda

Á Snæfellsnesi er stærsti hluti beinnar losunar gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum (bíla- og skipaumferð) og notkun vinnuvéla, en raf- og hitaveitur losa hlutfallslega lítið. Sundlaugin í Grundarfirði er hituð með olíu og er olía sömuleiðis varaafli fyrir íþróttamannvirki í Ólafsvík og hitaveituna í Stykkishólmi (en notkun hennar er mjög sjaldgæf). Loks má geta þess að umtalsvert magn af gróðurhúsalofttegundum losnar vegna umsvifa fiskiskipaflota svæðisins en ekki er reynt að meta umfang þeirrar losunar. Eins og hjá öðrum Jarðarbúum fylgir Snæfellingum einnig heilmikil óbein losun vegna kaupa þeirra á ýmsum vörum, sem valdið hafa mismikilli losun í framleiðslu- og flutningsferli. Síðast en ekki síst ber hér að nefna að rannsóknir hafa sýnt að umtalsverð losun gróðurhúsalofttegunda verður úr framræstu votlendi og við ofbeit og á það ekki síður við hér en annars staðar.

Vottunarsamtökin reikna út meðallosun á svæðinu út frá þeim gögnum sem skilað er, þ.e. losun ökutækja sem skráð eru í eigu á Snæfellsnesi, skemmtiferðaskipunum Baldri og Særúnu, og óbeinni losun frá sorplosun. Það er ýmislegt sem vantar í gagnagrunninn til þess að fá raunhæfa mynd af allri losun á svæðinu, t.d. losun frá ökutækjum ferðamanna og fiskibátaflotans, en því miður eru takmörk sett hvernig við getum aflað okkur gagna. Á árinu 2017 má sjá gífurlega lækkun losun koltvísýrings, en hún er útskýrð út frá uppfærðri aðferðafræði. Vorið 2018 fengum við ráðgjöf frá Stefáni Gíslasyni, sérfræðingi og stofnanda Environice ehf. Farið var yfir aðferðafræði við útreikninga og í ljós kom að uppfæra þurfti útreikninga við losun jarðefnaeldsneytis frá ökutækjum. Einnig komumst við í áreiðanleg gögn um meðallosun ökutækja á Íslandi eftir árum sem gefur okkur skýrari mynd af meðallosun ár hvert. Vottunarsamtökin reikna einnig út magn gróðurhúsalofttegunda sem losna við urðun á úrgangi (mynd 3).




2. mynd Bein losun gróðurhúsalofttegunda á íbúa á Snæfellsnesi var 3,3 tonn af CO₂. Af myndinni má sjá að losun jókst frá 2003-2007 en svo minnkað árið 2017. Minnkun losunar má að hluta til draga frá uppfærðri aðferðafræði og greiðara aðgengi að gögnum.



3. mynd Losun gróðurhúsalofttegunda vegna úrgangs sem urðaður var árið 2020 var reiknuð sem 0,62 tonn af CO₂ á mannár. Losunin hefur aukist hægt frá 2014 og við það lækkar einkunn fyrir frammistöðuna.


Neysluvatn

Upplýsingar um vatnsnotkun voru bæði byggðar á mældum og áætluðum tölum. Tölur um vatnsnotkun í Stykkishólmi og Grundarfirði eru byggðar á raunverulegum tölum þar sem Orkuveita Reykjavíkur sem er eigandi að vatnsveitunum þar er með nákvæma mæla fyrir sínar vatnsveitur. Tölur yfir vatnsnotkun á mann fyrir Snæfellsbæ var áætluð sú sama og fyrir Grundarfjörð til ársins 2018, þar sem sveitarfélögin hafa verið með svipaðan iðnað. En vegna vegna breytingar í iðnaði í Grundarfirði haustið 2018 og þar að leiðandi vatnsnotkunar, voru tölur fyrir notkun Snæfellsbæjar árin 2019 og 2020 (vatnsnotkun á mannár) þær sömu og árið 2018 til að gefa raunhæfari mynd. Fyrir dreifbýlið var notkunin áætluð út frá meðaltalstölum svipaðra svæða á Íslandi (700 l /mann/dag (innifalið iðnaður, fiskvinnsla og landbúnaður).




4. mynd *Neysluvatnsnotkun á Snæfellsnesi var 413,5 kílólítrar (þúsund lítrar) á mannár. Af myndinni má sjá að notkunin minnkaði talsvert á árunum 2006-2008, en jókst svo aftur eitthvað frá 2009-2013. Frá árinu 2014 hefur dregið verulega úr neysluvatnsnotkun á Snæfellsnesi, sem að hluta má tengja við minni starfsemi í fiskvinnslu á svæðinu.*

Úrgangsmál




5. mynd Magn úrgangs sem sendur var til urðunar árið 2020 var 1,7 rúmmetrar á mannár sama og árið 2019, og 6% undir lágmarksviðmiðum EarthCheck. Á línuritinu má sjá þróun á aukningu á sorpi sent til urðunar sem sér ekki fyrir endann á.



6. mynd Hlutfall endurunnins úrgangs var 42,4% á árinu 2020. Markmið íslenska ríkisins fyrir árið 2025 er að hlutfall heimilisúrgangs til endurvinnslu verði ekki lægra en 55%.

Innkaup

Sveitarfélögin hafa sett sér sameiginlega stefnu um að kaupa umhverfismerktan pappír og hreinsiefni þar sem kostur gefst. Samkvæmt kröfum EarthCheck safna sveitarfélögin tölum yfir hlutfall umhverfismerks pappírs og hreinsiefna sem keypt eru á vegum sveitarfélaganna. Þessi gögn eru fengin frá þeim birgjum sem sveitarfélögin eiga viðskipti við. Verkefnastjóri tekur gögnin saman og sendir niðurstöðurnar inn til vottunarsamtakanna. Samtökin gefa sveitarfélögunum einkunn fyrir umrædd innkaup (sjá myndir 6 og 7). Vottunarsamtökin gera enn fremur kröfur um að fylgst sé með notkun varnarefna sem skaðleg eru náttúrunni. Þetta eru efni sem brotna hægt niður í náttúrunni og valda ýmiss konar skaða, þar á meðal með því að hafa hormónaverkun á ýmsar lífverur. Skráning sveitarfélaganna hefur ekki náð nægilega vel utan um notkun umhverfissaðlegra varnarefna gegn skordýrum, nagdýrum, sveppum og gróðri. Notkunin er að líkindum fremur lítil en skortur á haldbærum upplýsingum skýrist einkum af því að undirverktakar sjá oft um eitrun, t.d. gegn skaðvöldum á gróðri. Með nýrri stefnu og verkáætlun um meðferð varnarefna verður auðveldara að fylgjast með notkun varnarefna innan sveitarfélaganna.




7. mynd Hlutfall af umhverfismerks pappírs af heildarpappírsinnkaupum til sveitarfélaganna, nánar tiltekið skipt í skrifstofupappír, servíettur, bréfpurrkur, salernispappír og handþurrkur. Á árinu 2020 taldist árangur Snæfellsness í þessu sambandi vera 91,7%, og er rétt yfir framúrskarandi árangri.




8. mynd Hlutfall umhverfismerkra hreinsiefna af heildarnotkun í stofnana sveitarfélaga á Snæfellsnesi, nánar tiltekið skipt í gólfþápur, alhliða hreinsiefni, glerhreinsiefni, þvottaefni og hreinlætissápur. Á árinu 2020 taldist árangur stofnana sveitarfélaga á Snæfellsness í þessu sambandi vera 70,1% sem er rétt undir frammúrskarandi árangri.

Samfélagsmál




9. mynd Hlutfall skráðra þjófnaða á Snæfellsnesi. Samfélagsmál eru mikilvæg til þess að gefa mynd af stöðu sjálfbærnimála á Snæfellsnesi og meðal þeirra eru glæpir og staða atvinnuleysis. Á Snæfellsnesi voru skráðir þjófnaðir 0,68% sem telst frammúrskarandi árangur.




10. mynd Hlutfall atvinnuleysis á Snæfellsnesi hefur verið nokkuð lágt og jafnt síðustu ár og er staðan mjög góð samkvæmt viðmiðum EarthCheck, en árið 2020 var öðruvísi líkt og annars staðar í heiminum vegna COVID19 faraldursins. Þrátt fyrir faraldurinn, var hlutfall atvinnuleysis yfir lágmarksviðmiðum EarthCheck.

Aðrir skylduvísar



11. mynd Hlutfall umhverfsvottaðra ferðabjónustuaðila á Snæfellsnesi. Frá upphafi vottunar hafa þrjú ferðabjónustufyrirtæki á Snæfellsnesi, hlotið umhverfsvottun. Hlutfall vottaðra ferðabjónustufyrirtækja á Snæfellsnesi er undir mörkum samkvæmt staðli EarthCheck

samtakanna. Svæðið hefur því fengið áminningu hvað þetta atriði varðar og vottunarsamtökin gert kröfur um úrbætur sem fyrst. Meirihluti fyrirtækja falla ekki beint undir starfsemi sveitarfélaganna en þó eru þær kröfur gerðar að sveitarfélögin hvetji og aðstoði fyrirtæki innan svæðisins til þess að starfsemi sína vottaða.



12. mynd Vatnssýni sem standast gæðakröfur, sem hlutfall að öllum vatnssýnum sem tekin eru. Upplýsingar um vatnssýni árið 2020 voru fengnar frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands. Þar kom fram að flestar bæjarveitur og vatnsveitur sem þjóna ferðapjónustu og mjólkurframleiðslu á Snæfellsnesi stæðust gæðakröfur. Tvær veitur stóðust ekki kröfur, en vegna COVID19 var lokað á þeim stöðum sem sýnin voru tekin. Sýni voru aftur tekin þegar starfsemi hófst að nýju.

Aðsendar greinar í vikublöð

1. **Guðrún Magnea Magnúsdóttir (2021). Niðurstöður skoðanakönnunar á Snæfellsnesi. Skessuhornið 10. mars 2021 og Jökull 11. mars 2021.**
2. **Guðrún Magnea Magnúsdóttir (2021). Enginn getur gert allt – en allir þurfa að gera eitthvað. Skessuhornið og Jökull 20. maí 2021.**

Fyrirlestrar

1. *Umhverfisevntun EarthCheck á Snæfellsnesi: Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt fyrir sveitastjórum á Vestfjörðum. 14. apríl 2021.*
2. *Umhverfisevntun EarthCheck á Snæfellsnesi: Guðrún Magnea Magnúsdóttir. Erindi flutt á ársfundi náttúruverndarnefnda, náttúrustofa og umhverfisstofnunar og fyrir sveitastjórum á Vestfjörðum. 15. apríl 2021.*